

Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2016-17 haldinn 05. október 2016 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Anton Karl, Kristófer Gunnar, Davids, Marcel, Pétur Yngvi og Kjartan Valur. Fulltrúar starfsfólks: Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri, Jóhannes Elmar Lange starfsmaður og verkefnisstjóri. Fulltrúi foreldra: Sólveig Ólafsdóttir.

Á eftir fundargerð er viðauki um framkvæmd verkefnis þessa fyrsta fundar.

Fundarstjórinn Guðrún setti fundinn og byrjaði á því að bjóða alla velkomna og sér í lagi nýja fulltrúa nemenda þá Pétur Yngva og Kjartan Val. Eins nýjan fulltrúa foreldra, Sólveigu Ólafsdóttur. Að því loknu var farið yfir fundarreglurnar og mundu nemendur sem voru á sínum öðrum vetri í umhverfisnefndinni vel eftir þeim og útskýrðu þær vel fyrir nýjum meðlimum.

Þá var grænfáninn skoðaður og rætt um táknið á honum og hvað þau þýða. Á fánanum sjást m.a. bók, mannvera, tré, hvítur litur, blár litur, grænn litur og fórum við vel í gegnum hvað þetta merkir allt saman. Að því loknu kynntu allir sig formlega í upptökutækið.

Þegar allir höfðu kynnt sig gaf Guðrún Jóa orðið til að rifja upp hvað fram fór á síðasta fundi, sem svolítið langt var liðið frá. Jói byrjaði á að spyrja hvort einhver sem var í nefndinni í fyrra myndi eftir því hvað var ákveðið á síðasta fundinum. Eftir smá vísbendingu mundu allir eftir því að lokaverkefnið fyrir sumarfrí var að sá fyrir kartöflum og gulrótum, og að við þyrftum að vanda okkur mikið í umhverfismálum því að við værum að reyna fá nýjan grænfána. Þetta hafði allt gengið vel því uppskeran var nýupptekin og við höfðum sannarlega fengið nýjan grænfána á vorhátíðinni.

Svo fór fram umræða um að þar sem við hefðum fengið nýjan grænfána værum við að fara byrja á nýju þema. Áður en nýja þemað var kynnt rifjuðum við upp hvaða þema hafði verið síðustu árin sem var „átthagarnir“ og ræddum við tröll, álfa og þjóðsögur sem var aðaláhersluatriðið í myndlistarsýningunni sem við höfðum haldið á bókasafninu. Að því loknu var nýja þemað kynnt og að þessu sinni er það „orka“ sem verður tekin fyrir. Þegar Jói spurði hvort einhver vissi hvað orka væri var Kristófer fljótur að segja að sólin væri orka og Anton tók undir og sagði að hún gæfi okkur hita. Guðrún spurði hvernig við fengjum orku og Pétur

benti á að við fengjum t.d. orku með því að borða ávexti. Jói útskýrði svo mismunandi tegundir orku. Síðan var orkan rædd í þaula og vatnsorka, vindorka, raforka og margt fleira rætt fram og til baka. Gunna sýndi flotta möppu með allskonar hugmyndum sem hún hafði keypt þegar hún var í diskólandi og fengu krakkarnir m.a. að kíkja í gegnum gleraugu sem virkuðu þannig að þau brutu ljósið niður í geisla og allskonar liti.

Þá var komið að því að ákveða hvað gera ætti fyrir næsta fund. Það yrði að vera eitthvað sem tengdist orku með einhverjum hætti. Eftir talsverða þögn spurði Jói hvort við gætum eitthvað skoðað orku í tengslum við uppskeruna úr kartöflugarðinum og nokkrir sögðu í kór að við gætum lært hvernig kartöflurnar verða til. Jói spurði þá hvort þeir væru til í að gera smá tilraun líka með fræ. Jói útskýrði að við gætum kannski sett fræ í tvær dollur, önnur dollan fengi að vera í glugga og yrði vökvuð meðan hin yrði í dimmri geymslu og yrði ekki vökvuð. Tilgangurinn væri að rannsaka hvort að dagsbirta (sólin) og vatn væru nægilegir orkugjafar. Allir tóku undir þetta og af stað fór lífleg umræða um hvernig við gætum rannsakað þetta með allskonar hætti. Niðurstaðan eftir lýðræðislega umræður og vangaveltur var að setja tómatafræ í tvær dollur með mold og önnur dollann yrði í skúringageymslunni og yrði ekki vökvuð en hin yrði í eldhúsglugganum og yrði vökvuð. Guðrún benti fundarmönnum á að þeir yrðu að vera duglegir að minna hana og Jóa á svo þetta myndi ekki gleymast og sagði svo fundi slitið.

Fundargerð: Jóhannes Elmar Jóhannesson Lange

Viðauki

Orka

Grænfánaverkefni 1

Markmið – Fyrsta verkefni vetrarins er að fræðast um hvernig kartöflur fá orku til að vaxa. Við gróðursettum kartöflur í vor og erum nýbúin að taka þær upp og því er þetta tilvalið verkefni. Við ætlum líka að gera litla tilraun með fræ og athuga hvort birta og vatn séu nauðsynlegir orkugjafar.

Framkvæmd- Við ætlum að fá fróðleik um kartöflur frá bókum og eða af netinu. Við ætlum að gera tilraun með fræ í tveimur döllum fylltum af mold. Annar dallurinn fær að vera út í glugga og fær vökvun, hinn dallurinn verður í myrkri geymslu og fær enga vökvun.

Áhöld – efni – Við þurfum bækur og/eða tölvu. Við þurfum mold, dalla og fræ (verða sennilega tómatafræ)

Undirbúningur kennara- Með því að lesa sér til um kartöflur. Útvega mold og fræ

Undirbúningur nemenda – Þeir þurfa ekki beinan undirbúning en sjá sjálfir um að setja mold í dalla og koma frænum fyrir. Þeir munu svo sjá um að vökva fræin sem fá að standa út í glugga.

Mat kennara – Þetta gekk vel. Við tókum tvær ávaxtastundir í að lesa okkur til um kartöflur og hvað þær þurfa til að vaxa og dafna og hvað getur gerst ef þær fá of mikla orku, t.d. of mikið vatn. Nemendurnir þurftu smá vísbendingu til að muna hvað þeir höfðu lært enda talsvert liðið frá umfjöllun og fram að fundi en þeir voru nokkuð vel með þetta á hreinu hvernig þetta gengi fyrir sig með kartöflurnar. Okkur gekk einnig vel með tilraunina. Fræin sem voru út í glugga og voru vökvuð spruttu fljótt upp úr pottinum og myndarlegir stönglar blöstu við. Það var hins vegar bara skraufþurr mold í hinum dallinum og ekkert að gerast. Tilraunin heppnaðist því vel og nemendum ljóst hvað vatn og sólarljós eru mikilvægar breytur fyrir vöxt plantna. Að mati kennara var þetta fyrsta verkefni í þemanu orka því bæði einfalt og árangursríkt.

Mat nemenda- Þeir voru sammála um að þeir hefðu lært að sól og vatn skipta miklu máli sem orkugjafar og ef þess nyti ekki við gætum við ekki eiginlega ekki haft neitt að borða. Þeir lærðu líka að stundum er hægt að fá of mikla orku. T.d. ef kartöflurnar fá of mikið vatn þá geta þær sprungið og komið sveppir. Nemendurnir voru sammála um að þetta hefði verið svo árangursríkt að sjá muninn á dollunum að þeir vildu endilega gera aðra tilraun og núna með mandarínufræum ☺